

6. & 7. bekkur 2019-2020

Umsjónarkennari:

Steinunn Hulda Theodórsdóttir

Aðrir kennarar:

Hjördís Einarsdóttir – Stærðfræði

Kristín V. Gísladóttir – Myndlist og textíll

Marcia P. Williams – Enska og heimilisfræði

Lilja Ármannsdóttir – Kristinfræði

Bekkurinn samanstendur af 13 nemendum sem skiptast svo:

6 nemendur í 6. bekk

2 nemendur í 7. bekk

Allflestar kennslustundir bekkjarins fara fram í heimastofu hans, stofu 3.

Íþróttir og sund fara fram í íþróttahúsi Klettaskóla, myndlist og textíll fara fram í listgreinastofunni og tónmennt fer fram í hátíðarsal skólans.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og heildstætt nám.

Mikið er lagt upp úr því að nemendur kynnist nærumhverfinu; fjörunni, skóginum og öðrum svæðum í kring, í gegnum útikennslu og leik.

Rík áhersla er lögð á að byggja upp góðan bekkjaranda sem einkennist af vináttu, kærleika og umburðarlyndi.

Nemendur vinna með Uppeldi til ábyrgðar á öllum stigum skólans, enda mikilvægt að hver og einn geri sér snemma grein fyrir hver hann sé, hver hann vilji vera og hvernig umhverfi hann vilji skapa sér.